

AUGLÝSING**um þingsályktun um æðsta vald í málefnum ríkisins.**

53

10. apríl

Alþingi hefir á fundi í sameinuðu þingi í dag samþykkt svolátandi þingsályktun um æðsta vald í málefnum ríkisins:

Með því að ástand það, sem nú hefir skapazt, hefir gert konungi Íslands ókleift að fara með vald það, sem honum er fengið í stjórnarskránni, lýsir Alþingi yfir því, að það felur ráðuneyti Íslands að svo stöddu meðferð þessa valds.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Ríkisstjórn Íslands, 10. apríl 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

AUGLÝSING**um þingsályktun um meðferð utanríkismála og landhelgisgæzlu.**

54

10. apríl

Alþingi hefir á fundi í sameinuðu þingi í dag samþykkt svolátandi þingsályktun um meðferð utanríkismála og landhelgisgæzlu:

Vegna þess ástands, er nú hefir skapazt, getur Danmörk ekki rækt umboð til meðferðar utanríkismála Íslands samkvæmt 7. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga né landhelgisgæzlu samkvæmt 8. gr. téðra laga, og lýsir Alþingi þess vegna yfir því, að Ísland tekur að svo stöddu meðferð mála þessara að öllu leyti í sínar hendur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Ríkisstjórn Íslands, 10. apríl 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)